

Akureyrarskólarnir taka til starfa

(Framhald af 8. síðu.)

Húsmæðraskólans. Stundakennarar eru 11 talsins, en enginn fastur kennari nema skólastjóriinn. Guðlaugur Friðbjólfsson kennir í vetur í stað Guðmundar Gunnarssonar, iðntekningu. — Rafmagnsfræði verður aukin og einnig kennd í 2. bekk. Bifvélavirkjar fá sérstaka tilsögn í rafkerfi bifreiða.

Barnaskóli Akureyrar verður settur í kirkjunni kl. 2 í dag, miðvikudag. Nær 800 börn verða í skólanum eða svipuð tala og var sl. vetur. Bekkjadeildir verða 29. Fastir kennarar eru 25, en stundakennarar 2—3. — Tvær hljómsveitir munu starfa í skólanum í vetur, fíðluhljómsveit undir stjórn Gígju Jóhannsdótt-

Oddeyrarskólinn verður settur í nýja skólahúsinu í dag kl. 2. — 260 nemendur verða í skólanum



Eiríkur Sigurðsson
skólastjóri.

og er hann yfirfullur. Börnunum er skip í 11 deildir. Kennslustofur eru 5. Nýir kennarar: Sigrún Björgvinsdóttir kemur í stað Eiríks Stefánssonar og Jakob Tryggvason kennir söng. Hjúkr-unarkona Oddeyrarskóla og Glerárskóla er frú Guðrún Þorsteinsdóttir. — Fastir kennarar eru 7 að meðtöldum skólastjóra. Stundakennarar 2.

Glerárskólinn er einnig settur kl. 2 e. h. í dag. Þar verða skólastjóraskipti. Hjörtur L. Jónsson fékk ársfrí frá störfum, en Árni M. Rögnvaldsson tekur við störf-



Árni M. Rögnvaldsson
skólastjóri.

um hans. Í skólanum verða 98 börn í vetur í 6 bekkjadeildum. Kennarar eru 2, auk skólastjóra, og auk þess kennir frú Anna Oddsdóttir handavinnu.

Frankvæmdir Vatnsveitu Akureyrar

(Framhald af 1. síðu.)

nýja vatnið verður tvöfalt meira en það vatnsmagn, sem nú er notað.

Við þessar framkvæmdir vinna nú 30 manns, flest eru þetta skólapiltar. Kemur sér mjög illa að missa þá frá vinnu á meðan tíð er góð og kapp er lagt á framkvæmdir fyrir veturinn. — Allir eru nestaðir til dagsins, en fluttir í vinnu á morgnana og heim á kvöldin. Vinnutími er 10½ klukkustund.

Fallegt er á Glerárdal, landslag og gróðurfar breytilegt og einnig sér fram á Eyjafjörð og yfir hluta kaupstaðarins. Vel sýndist liggja á mönnum og ekki djúpt á gamanyrðum.

Aðaltrésmiður er Eiður Baldvinsson, flokksstjóri þeir Kristján Helgason og Jóhann Sigurðsson, en flutningum með dráttarvélinni stjórnar Sigfús Erlingsson. Sjálfur er vatnsveitu stjórnin, Sigurður Svanbergsson, oftast nálægur, er mjög vinsæll og röskur verkstjóri og hamhleypa til vinnu.

Ánægjulegast af öllu er að sjá hversu vel er um vatnið búið og að það er hvergi opið og óhreinindi þar með útilokuð. Er það raunar eins hvað hreinlæti snertir og í Hlíðarfjalli. Sögur þær, sem ókunnugir geta trúað um orsakir vatnsskortisins fyrirfarandi, svo sem um stíflaðar leiðslur af óhreinindum og frosti, eru alveg úr lausu lofti gripnar og geta ekki staðizt þegar umbúnaður er athugaður. Aðeins ein ofanjarðarleiðsla er til í kerfinu, frá Lögmannshlíð að Rangárvöllum. En í henni frýs vatn ekki vegna núningmótstöðunnar í pípunum. Þessi ofanjarðarleiðsla bræðir af sér snjó í 17 gráðu frosti og myndar holur þar sem snjór liggur yfir.

Hin nýja vatnsveita mun nægja um allanga framtíð, þótt varlega skuli spá fram í tímann. En þegar hún nægir ekki mun Glerá sjálf verða að þjóna hlutverki bæjarlæksins fyrir fjölmennasta stað Norðurlands.

Dagur fæst keyptur í Sölu-
turninum, Hverfisgötu 1, Rvík.

Frá Amtsbókasafninu. Í vetur verður safnið opið til útlána: þriðjudaga, fimmtudaga og laugardaga kl. 4—7. Lesstofan opin alla virka daga á sama tíma.

SENDISVEINN

Viljum ráða röska sendisvein nú þegar.

Prentverk
Odds Björnssonar

Kartöfluuppskeran mjög misjöfn

Síðustu vikur hafa uppskeru-
horfur kartafna batnað stórlega. Í Hornafirði er mjög mikil kartöflu-
rækt. Þar er áætlað að uppskera verði nær meðallagi. Sandgarðar urðu of þurrir og gildir það víðar á landinu. Í Hornafirði er mikið ræktað af Gullauga.

Þykkvibærinn er einnig mikið kartöflusvæði — talið um 90 ha. Þar eru uppskeruhorfur sæmilegar. Rauðar íslenzkar þroskast þar vel í þetta sinn. Þar var í haust reynd ný upptökuvél. Eftir fregnum að dæma ætlar hún að reynast mjög vel. Við hana vinna 6 manns og hún skilar kartöflunum í poka.

Þurrkarnir hafa unnið mikið tjón á Eyrabakka og Stokkseyri. Í ofanverðri Rangárvallasýslu er uppskera víða góð og heilbrigðis-
ástand með betra móti.

Eyjafjörður er eitt helzta kartöfluræktarsvæðið. Þar er Svalbarðsströnd fremst. Uppskeyra er sæmileg víðast. Frá öðrum héruðum landsins berast fréttir um litla sem enga kartöfluuppskeru þetta árið.

Í yfirliti um kartöfluræktina segir Jóhann Jónasson, forstjóri Grænmetisverzlunar landbúnaðarins m. a. svo:

Flytja þarf inn 1/3 hluta af
ársneyzlu af kartöflum.

Sumarið 1957 var talið gott kartöflusumar. Uppskeyra þá var talin vera 90—100 þúsund tonn. Til sölu meðferðar kom hjá Grænmetisverzluninni milli 50—60 þúsund tonn, en þar við bætist svo útsæðið og heima-
neyzla framleiðenda sjálfrá.

Meðaluppskeru síðustu ára

telur Jóhann forstjóri vera í kringum 50 þúsund tonn á tímabilinu eftir 1953, e þá var mikið kartöfluár.

Í fyrra var mikið kartöfluár, en þó þurftum við að flytja inn 1/3 hluta af neyðlukartöflum okkar.

Eru líkur til þess, að kartöflu-
ræktin aukist það á næstu árum, að við verðum sjálfum okkur nógir með þær?

Satt að segja hef eg litla trú á að við komumst það langt fyrst um sinn, að við getum séð alveg fyrir sumarmánuðunum, en hins vegar ættum við að keppa að því að geta séð okkur fyrir kartöflum út maímánuð a. m. k. í góðum árum. Þess má geta, að þjóðir eins og Danir og Hollendingar flytja á hverju sumri inn nýjar kartöflur frá suðlægari slóðum, meðan þeir bíða eftir nýrri uppskeru hjá sér. Danir fluttu t. d. inn kartöflur frá Kanaríeyjum í júní í sumar. Í sambandi við aukningu á kartöfluramleiðslu hér á landi eru ýmis ljón á veginum, og þá einkum skortur á vinnuafli í sveitunum, sem kemur harðara niður í kartöflurækt en sumum öðrum búgreinum vegna þess, að kartöflurækt þarfnast mikils vinnuafli á vissum tímum, þ. e. vor og haust. — Stórvirkar vélar koma ekki að notum nema á stöku stað, þar sem stór garðlönd eru samfelld.

Setjum nú sem svo, að við ræktum nóg af kartöflum fyrir okkur, jafnvel í meðalári, hvað er þá hægt að geta við offramleiðsluna í góðu árunum?

Ef við eigum að miða við það
(Framhald á 7. síðu.)

OSCAR JAY:

Ýmislegt að vestan um veikindi og lækna

Frá Dearborn, Michigan, berst oss frásögn um lækni, sem rannsakaði konu eina hér um daginn og sagði svo: „Það er ekkert að yður, kona góð. Þér þurfið bara að hvíla yður.“

„En lækni,“ andmælti konan, „lítið bara á tunguna í mér.“

„Já,“ sagði lækniinn, „hún þarf líka að hvíla sig.“

★

Gömul kona í St. Paul í Minnesota fór í fyrri viku til læknis vegna verkja í hægri fæti. — Lækniinn gaf henni einhver meðöl og fullvissaði hana um, að verkir þessir stöfuðu af elli.

„Hvaða vitleysa,“ lækni,“ sagði gamla konan. „Ekki er vinstri fóturinn á mér neitt yngri en sá hægri.“

★

Lækni í Iowa, sem kennir við sunnudagaskóla, spurði einn drenginn í bekknum: „Villi minn, hvað þurfum við að gera til þess að komast til himna?“

„Við verðum að deyja,“ anzaði Villi. Það kom hálfgerft fát á lækniinn.

„Já, já,“ sagði hann. „Auðvitað. En hvað verðum við að gera áður en við deyjum?“

„Við verðum að leggjast í rúm-
ið og senda eftir yður,“ svaraði Villi.

★

Í New Jersey sat gamall maður á biðstofu læknis. Eftir margra stunda árangurslausu bið, stóð hann að lokum á fætur og sagði: „Æ, eg held eg fari bara heim og deyi eðlilegum dauða.“

★

Maður í Miami sagði um daginn við lækni sinn: „Eg er orðinn miklu betri núna, lækni. Er ekki bara bezt, að þér látið mig hafa reikninginn?“

„Hvaða vitleysa,“ sagði lækni-
irinn. „Þér eruð ekki orðinn nægilega hressir til þess. Ekki svipað því.“

VERKAMANNAFÉLAG
AKUREYRARKAUPST.

heldur

FÉLAGSFUND

í Verkalýðshúsinu í kvöld
(1. okt.) kl. 8.30 e. h.

FUNDAREFNI:

Samningar félagsins.

STJÓRNIN.

TILKYNNING

frá Félagi verzlunar- og skrifstofufólks á Akureyri.

Ákveðið hefur verið, að kosning fulltrúa Félags verzlunar- og skrifstofufólks á 26. þing Alþýðusambands Íslands fari fram að viðhafðri allsherjaratkvæðagreiðslu.

Kjörlistum með nöfnum 2 aðalmanna og 2 varamanna skal skilað til formanns kjörstjórnar, Jóns Samúelssonar. Enginýri 8, fyrir kl. 12 á hádegi föstudaginn 3. okt. Hverjum lista öðrum en stjórnar og trúnaðarráðs skulu fylgja meðmæli eigi færri en 20 fullgildra félagsmanna og eigi fleiri en 100.

Kjörstjórnin.